

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐABÓK

SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2010 fimmtudaginn 11. mars kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 167. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
 - a) Fundargerð 635. fundar 15. febrúar. Fundargerð í 11. liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 636. fundar 22. febrúar. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 637. fundar 1. mars. Fundargerð í 11. liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra felur byggðarráði fullnaðarafgreiðslu á væntanlegum samningi við Vegagerðina um endurbætur á brú á Syðri-Hvammsá.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 6. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að veita Sigríði Tryggvadóttur fjárstyrk að fjárhæð kr. 150.000,- vegna gerðar heimildarmyndar um Sumardaginn fyrsta á Hvammstanga. Styrkurinn verður greiddur þegar verki lýkur. Samþykktinni vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.“ Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 638. fundar 8. mars. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fjallskilastjórnir veiti sveitarstjórn umsagnir um óskir um uppsetningu skothúsa til vetrarveiða á ref í löndum sveitarfélagsins. Fjallskilastjórnir hafi umsjón og eftirlit með umgengni við skothús. Sveitarstjórn vekur sérstaka athygli á mikilvægi þess að veiðimenn gæti að ákvæðum laga og reglugerða um sjúkdómavarnir búfjár og að þeim sé fylgt í hvívetna.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 6. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framalagðan samning milli Húnaþings vestra og Erlu Kristinsdóttur og Sveins Inga Bragasonar um leigu tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi.“ Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð 102. fundar félagsmálaráðs 3. mars. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 95. fundar landbúnaðarráðs 2. mars. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkti með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 175. fundar skipulags- og umhverfisráðs 4. mars. Fundargerð í 7 liðum. Oddviti kynnti. Borinn undir atkvæði 7. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6

atkvæðum. Elín R. Líndal óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:40.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),
Guðmundur St. Sigurðarson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),
Oddur Sigurðarson(sign.),
Halldór Sigfússon(sign.).